

Ársskýrsla

2018

Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi

Sími: 560 2030
Kennitala: 641199-2579

Tryggvagötu 13
800 Selfossi

fraedslunet@fraedslunet.is
www.fraedslunet.is

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Mannauður	2
Aðstaða	4
Fræðslustarfsemi á árinu	5
Námsráðgjöf og raunfærnimat	10
Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir	11
Önnur starfsemi	13
Gæðastarf og stefnumótun	15

Inngangur

Starfsemin árið 2018, sem er nítjándi starfsár Fræðslunetsins, var í flestu keimlík þeirri sem verið hefur. Í þessari ársskýrslu er fjallað um helstu starfsþætti í starfinu og minnst á þær breytingar sem hafa átt sér stað. Nokkuð hefur verið aukið við tölulegar upplýsingar frá síðustu skýrslu.

Árlega er ársreikningur og ársskýrsla send eigendum Fræðslunetsins, ríkisskattstjóra og Mennta- og menningarráðuneytinu. Þá er skýrslan aðgengileg almenningi á vefsvæði Fræðslunetsins; www.fraedslunet.is.

Umsjón og ábyrgð með ársskýrslu þessari hefur haft Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

Mannauður

Stjórn

Stjórn Fræðslunetsins breyttist á árinu 2018, þegar Samtök sunnlenskra sveitarfélaga skiptu um fulltrúa. Stjórnin er nú skipuð eftirtöldum fulltrúum eigenda:

- Sigursveinn Sigurðsson, formaður (kosinn af Fjölbrotaskóla Suðurlands)
- Laufey Ósk Magnúsdóttir, varaformaður (kosin af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Gunnar Þorgeirsson (kosinn af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Þór Hreinsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Stjórnin fundaði alls fjórum sinnum á árinu og voru allir fundirnir á Selfossi.

Starfsmenn 01.12.18

Tvær breytingar urðu í starfsmannahópnum í upphafi ársins. Þau Eyrún Guðmundsdóttir og Ottó Valur Ólafsson létu af störfum og við tóku Dýrfinna Sigurjónsdóttir og Sædís Ösp Valdemarsdóttir. Engin breyting varð á stöðugildafjölda Fræðslunetsins.

Eyjólfur Sturlaugsson	Framkvæmdastjóri	100%
Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir	Verkefnastjóri/staðgengill framkv.st.	100%
Sandra D. Gunnarsdóttir	Verkefnastjóri	50%
Eydís K. Guðmundsdóttir	Náms- starfsráðgjöf/verkefnastjóri	100%
Lilja Össurardóttir	Verkefnastjóri	100%
Dýrfinna Sigurjónsdóttir	Verkefnastjóri	50%
Sædís Ösp Valdemarsdóttir	Verkefnastjóri	100%
Oddný Gísladóttir	Þjónustufulltrúi	100%
Sólveig Kristinsdóttir	Náms- starfsráðgjöf /verkefnastjóri	90%
Viktor Valur Carlsen	Stuðningsfulltrúi með kvöldumsjón	45%

Sigríður E. Kristinsdóttir	Prif	30%
Áslaug Einarsdóttir	Verkefnastjóri	50%
Samtals stöðugildi:		9,15

Starfsmannahald

Vegna mannbreytinga í upphafi árs fór nokkur tími í það fyrir nýja verkefnastjóra að ná áttum í nýrri vinnu og ná tökum á starfinu.

Starfsmenn fóru í starfspróunarviðtal hjá framkvæmdastjóra í febrúar og mars og haldnir voru alls fjórir starfsdagar þar sem allir starfsmenn mættu saman til stefnumótunar, greiningarvinnu og samráðs.

Starfsmannafundir eru haldnir að meðaltali þrisvar sinnum í mánuði á starfstíma Fræðslunetsins.

Endurmenntun

Starfsmenn Fræðslunetsins sinntu áfram því hlutverki á árinu 2018 að uppfæra þekkingu sína en afar rík hefð er fyrir virkri endurmenntun innan starfsmannahópsins.

Fulltrúar frá Fræðslunetinu fóru á flest þau málþing og ráðstefnur sem í boði voru fyrir fólk í fullorðinsfræðslu á Íslandi árið 2018. Þá fóru nokkrir starfsmenn erlendis í fræðslu- og samstarfsferðir í tengslum við verkefni sín og störf.

Verktakar í kennslu

Eins og áður var nánast öll kennsla og fræðsla Fræðslunetsins mönnuð með verktökum. Alltaf var leitast við að ráða til kennslu kennaramenntað fólk við námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og allt lengra nám. Við styttri námskeið eins þau sem snúa að starfsþróun (núvitund, sjálfstyrking og fl.) voru valdir sérfræðingar á tilteknu sviði til kennslunnar.

Litlar breytingar eru á milli ára í hópi verktaka sem kenna fyrir Fræðslunetið. Margir kennarar í verktöku hafa unnið hjá Fræðslunetinu árum saman og eru fræðslumiðstöðinni afar dýrmætir.

Aðstaða

Húsnæði

Eitt af megin hlutverkum Fræðslunetsins er að þjóna öllu Suðurlandi. Landshlutinn er stór og enginn annar fræðsluaðili í framhaldsfræðslunni á landsvísu hefur jafnstórt þjónustusvæði. Til þess að geta sinnt fræðslustarfi í öllum landshlutanum hefur Fræðslunetið komið sér upp starfsstöðvum og námsverum auk þess að vera með samninga við aðila sem leigja húsnæði. Mannaðar starfsstöðvar Fræðslunetsins eru nú fjórar; á Selfossi, á Hvolsvelli, í Vík og á Höfn. Þá rekur Fræðslunetið tvö námsver til viðbótar; þ.e. á Hellu og á Kirkjubæjarklaustri.

Vinnuaðstaða nemenda og starfsmanna Fræðslunetsins í húsakynnum þess er almennt góð eða mjög góð.

Á árinu var tilkynnt um mikla hækkun á leigu aðstöðu Fræðslunetsins í Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að segja upp leigu á annarri skrifstofunni þar og leigja einungis eina framvegis.

Búnaður

Endurnýjun á aðbúnaði starfsmanna hélt áfram og var bæði keyptar nýjar fartölvur, skjáir og nýir skrifborðsstólar fyrir starfsfólkið. Talsverð endurnýjun á húsbúnaði fór fram í tveimur kennslustofum í Fjölheimum, sem að mestu hýsa fræðslu fatlaðra einstaklinga.

Þá var smíðastofu í Fjölheimum á Selfossi breytt í bóknámsstofu og húsbúnaður, tölvubúnaður og skjávarpi keyptur í stofuna.

Fræðslustarfsemi á árinu

Árið 2018 var líflegt í fræðslustarfsemi og var það í beinu framhaldi af mikilli fjölgun einstaklinga í námi frá árinu 2017. Við uppgjör ársins komu í ljós álitafni varðandi tölulegar upplýsingar sem mikilvægt þótti að vinna betur með. Í kjölfarið var ákveðið að auka upplýsingar í töflulegri framsetningu í ársskýrslu.

Heildarfjöldi námsmanna

Uppgjör ársins 2018 var í fyrsta skipti eingöngu notaðar upplýsingar úr nýja námsumsjónarkerfinu INNU. Síðustu ár hefur uppgjorið verið unnið úr MyShcool kerfinu ásamt excelskjölum ýmiskonar. Frá og með upptöku INNU haustið 2017 var lögð rík áhersla á að allt nám væri fært þar inn.

Ár	Fjöldi					Meðaltal
	Nám-skeið	Námsm. innritaðir	Námsm. útskrifaðir	Brott-fall	Nemendastundir	Fjöldi í námshópi
2013	177	1.552			53.587	8,8
2014	167	1.584			52.226	9,5
2015	149	1.316			53.587	8,8
2016	100	1.140			53.295	11,4
2017	183	1.680			78.902	9,2
2018	135	1.439	1.285	10,7%	58.766	9,5

Taflan sýnir nú einnig bæði innritaða og útskrifaða ásamt því að heildar brottfall er orðin viðmiðunarstærð. Sérstaka athygli vekur hversu heildarbrottfall er lítið og kemur sá árangur í kjölfar markmiðssetningar frá árinu 2016, en þá var hafist markvisst handa að minnka brottfall.

Íslenska fyrir útlendinga

Að venju var kennsla í íslensku fyrir útlendinga umfangsmikil í starfseminni. Aðsókn að námskeiðum var góð eins og árið áður. Fór að lokum þannig að kennd voru fleiri námskeið en styrkur frá Rannís dugði til. Má segja að með því hafi tekist að verða við eftirspurn á Suðurlandi út árið. Námskeið voru haldin vítt og breitt um starfssvæðið; á

Selfossi, í Þorlákshöfn, í Reykholti, í Rangárbíngi, í Vík, á Klaustri, í Örfæum og á Höfn. Íslenska fyrir útlendinga var í nokkrum tilvikum kennd á vinnustað.

Ár	Fjöldi					Meðaltal
	Nám- skeið	Námsm. útskrif.	Námsm. innrit.	Brott- fall	Nemenda stundir	Fjöldi í námsþópi
2013	19	172				9,1
2014	27	271				10,0
2015	26	258				9,9
2016	25	272				10,9
2017	27	286				10,6
2018	33	376	430	12,6%	22.560	11,4

Taflan sýnir nú meiri upplýsingar en frá fyrri árunum. Ljóst er að árið 2018 er metár hjá Fræðslunetinu í kennslu íslensku fyrir útlendinga.

Námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)

Stærsta einstaka fjárveitingin til Fræðslunetsins á hverju ári tengist frammistöðu miðstöðvarinnar við kennslu viðurkenndra námsbrauta á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Undanfarin þrjú ár hefur þróunin við framkvæmdina verið eftirfarandi:

Ár	Náms- brautir	Námsm. innrit	Námsm. ljúka	Brott- fall	Nemenda stundir
2016	12	224	185	17%	27.812
2017	10	252	204	19%	30.500
2018	13	197	184	9%	28.560

Undanfarin ár hefur Fræðslunetinu tekist að festa ákveðnar námsbrautir í sessi hjá sér; leikskólaliðabraut, félagsliðabraut og Menntastoðir. Þessar brautir eru alltaf í gangi og íbúar á Suðurlandi gera sér betur og betur grein fyrir að það er alltaf opinn aðgangur að þessu námi hjá Fræðslunetinu. Til viðbótar við þennan námsbrautarkjarna er svo boðið upp á ýmiskonar nám sem tengist þeim markþópi framhaldsfræðslunnar sem er að finna á Suðurlandi. Námsbrautir sem kenndar voru á árinu 2018 eru eftirfarandi:

Heiti námsbrauta	Kest.	Hófu nám	Luku námi	Brott fall
Vor 2018				
Fagnámskeið starfsfólks leikskóla	210	10	8	20%
Fagnámsk. fólks í umönnun fatlaðra	246	10	10	0%
Fagnámsk. fólks í umönnun fatlaðra	246	10	9	10%
*Félagsliðabréu		13	13	0%
*Leik- og stuðningsfulltrúabréu		18	18	0%
*Menntastoðir		19	19	0%
Kvikmyndasmiðja	120	12	10	16%
Landnemaskólinn	120	21	15	28%
Haust 2018				
*Leik- og stuðningsfulltrúabréu		28	28	0%
*Félagsliðabréu		11	11	0%
*Menntastoðir		12	12	0%
Hönnunar- og frumkvöðlasmiðja	120	10	10	0%
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	75	13	11	15%
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	75	10	10	0%

*Sumir einstaklingar taka aðeins einn eða fleiri námsáfanga á brautinni, en ekki hana alla.

Eins og sést á yfirlitinu þá er afar misjafnt eftir brautum hversu mikið brottfallið er. Þar sem nemendur hafa núna tök á að koma inn á lengri námsbrautirnar á hvern námsáfanga fyrir sig er erfitt að reikna brottfall á þessum brautum, þar sem fjöldi í hvert skipti er misjafn við upphaf hvers nýs námsáfanga.

Símenntun fyrir fatlað fólk

Námskeið fyrir fatlað fólk er ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Námskeiðin eru haldin á Selfossi og á Höfn. Nokkuð jöfn ásókn er í námskeiðin og nær framboðið að sinna eftirspurn á svæðinu vel. Markhópurinn á Suðurlandi er að eldast og þarf hann því meiri stuðning, sem takmarkar nokkuð fjölda á hvert námskeið.

Þjónusta Fræðslunetsins í þessari fræðslu byggist á árlegu framlagi frá Fjölmenn til kennslunnar. Framlagið hefur ekki fylgt verðþróun undanfarinna ára og staðið í stað. Það hefur leitt til þess að framlagið dekkar tæplega lengur allan kostnað við námskeiðin og þau því orðin Fræðslunetinu dýrari en áður.

Ár	Fjöldi		Nemenda- stundir
	Námskeið	Nemendur	
2013	54	194	3.844
2014	44	153	2.386
2015	44	144	2.725
2016	39	135	2.523
2017	39	127	2.284
2018	41	145	2.279

Undanfarin ár hafa verið litlar breytingar á umfangi þessa náms eins og sjá má í töflunni, þó má sjá að árið 2018 var í betri kantinum hvað varðar umfang fræðslu fyrir fatlað fólk.

Endurhæfingar- og virkninámskeið

Undanfarin ár hafa ýmis námskeið ætluð einstaklingum, sem þurfa ýmsum úrræðum á að halda til að verða virkir í samfélaginu, verið ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Fræðslunetið hefur staðið að hönnun slíkra námskeiða fyrir þjónustuþega frá Birtu starfsendurhæfingu, VIRK og Vinnumálastofnun. Þrátt fyrir gott atvinnuástand undanfarin ár hefur verið mikil þörf fyrir slík námskeið og eftirspurn því á uppleið fremur en hitt.

Ár	Fjöldi					Meðalt. Fjöldi í hópi
	Fjöldi námsk.	Námsm. innrit.	Námsm. útskrif.	Brott fall	Nem. - stundir	
2013	3	29				
2014	11	120				
2015	15	147				
2016	14	150				
2017	12	199				
2018	11	171	132	23%	2.884	12

Einstaklingum á vegum ofangreindra aðila hefur einnig verið vísað í önnur námsúrræði á vegum Fræðslunetsins, eins og t.d. í smiðjur, sem er FA námsleið með viðurkennda námskrá og í íslensku fyrir útlendinga.

Fræðsla fyrir fyrirtæki

Frá 2017 hefur fræðsla fyrir fyrirtæki og stofnanir verið vaxandi þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Nú er svo komið að rétt þykir að geta þess sérstaklega í ársskýrslu enda starfsemin orðin umtalsverð og fyrirsjáanlegt að áframhald muni verða á slíkri fræðslu næstu ár. Eftirfarandi námskeið voru haldin fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á árinu:

Ár	Fjöldi námsk.	Námsm. innrit	Námsm. ljúka	Brott-fall	Nemenda stundir
2018	38	489	441	9,8 %	28.560

Athuga ber í ofangreindum tölum að sum námskeið eins og t.d. íslenskunámskeið fyrir útlendinga geta einnig fallið undir að vera námskeið fyrir fyrirtæki. Þá eru sömu einstaklingarnir í einhverjum tilvikum að fá fleiri en eitt námskeið t.d. ef fyrirtæki er með fræðsluáætlun í gangi og óskar eftir meira en einu námskeið á ári.

Ljóst má vera af ofangreindu að nú þegar er um verulega umfangsmikla fræðslu fyrir fyrirtæki að ræða á vegum Fræðslunetsins.

Önnur fræðsla

Fyrir utan áður nefnda flokka eru ekki mörg námskeið. Þar ber helst að telja stök skyndihjálparnámskeið, námskeið fyrir sjúkraliða sem á sér langa sögu í fræðslustarfsemi Fræðslunetsins og svo örfá tómsundanámskeið.

Námsráðgjöf og raunfærnimat

Námsráðgjöf

Námsráðgjöf var með svipuðum hætti og áður. Í kjölfar aukinnar þjónustu við fyrirtæki hefur verið boðið upp á kynningar á starfs- og námsráðgjöf á vinnustað. Viðtalafjöldi var með meira móti árið 2018 og þriggja ára meðaltal það hæsta hingað til:

Ár	Ráðþegar	Meðaltal þriggja ára
2012	622	
2013	657	
2014	738	672
2015	417	604
2016	623	593
2017	739	593
2018	689	684

Raunfærnimat

Raunfærnimat var verulega umfangsmikið á árinu og var sett met í metnum einingum. Færa má fé til raunfærnimats milli ára samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og veldur það nokkrum sveiflum í árlegum samanburði.

Ár	Fjöldi		Meðaltal þriggja ára	
	Nemendur	Einingar	Nemendur	Einingar
2013	14	264		
2014	112	2.072		
2015	47	1.725	58	1.442
2016	77	2.434	79	2.077
2017	24	270	49	1.393
2018	61	3.408	54	2.037

Hlutdeild raunfærnimats í rekstri og tekjum Fræðslunetsins er mun meiri en hjá flestum öðrum fræðslumiðstöðvum og er þjónustan því eitt sérkenna starfseminnar.

Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir

Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Fræðslunetið gerði haustið 2017 samstarfssamning við Hæfnisetur ferðapjónustunnar. Í samningnum tekur Fræðslunetið þátt í þróunarverkefni, sem felst í því að árangursmeta þarfagreint nám hjá ferðapjónustuaðilum. Áætlað er að verkefnið standi til ársloka 2020. Frá því í nóvember 2017 og út árið 2018 hafa Fræðslunetið og Hæfnisetrið heimsótt ferðapjónustufyrirtæki um allt Suðurland og gert fjölmarga þríhliða verksamninga við áhugasömustu fyrirtækin.

Ár	Fjöldi heimsóknna	Fjöldi samninga
2018*	23	10

*Nóvember og desember 2017 teljast hér með.

Nú þegar er ljóst að ávinningur Fræðslunetsins af samstarfinu er orðinn talsverður hvað varðar reynslu og þekkingu í þjónustu við ferðapjónustufyrirtæki. Einnig eykst fjöldi fyrirtækja með markvissar fræðsluáætlanir, sem Fræðslunetið hefur umsjón og framkvæmd með.

Fræðslustjóri að láni

Eins og fram hefur komið var 2018 fyrsta árið í umfangsmikilli fræðslu fyrir fyrirtæki. Greining fræðsluþarfa hjá fyrirtækjum og stofnunum í gegnum verkefnið “Fræðslustjóri að láni” er annar angi fyrirtækjapjónustu, sem óx verulega á árinu. Um er að ræða samninga sem starfsmenntasjóðir gera við Fræðslunetið, sem fer sem verktaki, í umboði þeirra inn í fyrirtæki til að greina fræðsluþarfir og gera fræðsluáætlun.

Ár	Fjöldi samninga	Alls upph. samninga
2017	2	1.820.000
2018	6	6.895.400

Við framkvæmd þarfagreininga hafa allir verkefnastjórar og námsráðgjafar komið að vinnunni. Með slíku verklagi er markmiðið að byggja upp sameiginlegan þekkingarbrunn Fræðslunetsins í fyrirtækjapjónustu. Aðferðafræði við greiningarnar

svo og utanumhald þjónustunnar hefur þróast töluvert og eykst skilvirkni vinnunnar verulega eftir því sem reynsla starfsmanna og þekking vex.

Notendaráð

Sameiginlegt svæðisráð um málefni fatlaðra í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslu fól Fræðslunetinu utanumhald um notendaráð fatlaðra á svæðinu. Um er ræða þjálfun og námskeiðshald fyrir ráðið auk þess að halda utan um fundi þess.

Umsjón Fræðslunetsins með notendaráði er skemmtileg viðbót við starfsemi þess og undirstrikar það traust sem borið er til starfseminnar.

Önnur starfsemi

Vísindasjóður

Til úthlutunar 2018 úr sjóðnum var alls 1.500.000 kr. Úthlutað var til styrkja á rannsóknum til meistara- og doktorsgráðu og rannsóknarverkefnum fjalla, eins og áður, um sunnlensk fyrirbæri.

Breytt var út af vananum með fyrirkomulag á auglýsingum eftir styrktarþegum. Sérstök áhersla var nú á að auglýsa með stafrænum hætti á samfélagsmiðlum. Það leiddi til þess að mun fleiri sóttu um styrki en mörg undanfarin ár.

Erlent samstarf

Farnar voru tvær kynnisferðir til Danmerkur og Svíþjóðar á Erasmusstyrki ársins áður. Um er að ræða styrk til þess að leita samstarfs í Danmörku og Svíþjóð um gerð námsefnis í kynfræðslu fyrir fullorðið fatlað fólk.

Þróunarstarf

Vinna við þróunarverkefni var talsverð árið 2018. Fræðslunetið sótti um tvo styrki í Þróunarsjóð Fræðslusjóðs atvinnulífsins og fékk þá báða. Eftirfarandi tveimur verkefnum lauk á árinu:

- Þróun á starfstengdri íslensku. Markmiðið var að þróa leið til þess að kenna erlendu vinnuafla á dvalarheimili grunnatriði í íslensku með því að kenna því við störf sína.
- Hæfnigreiningar í ferðaþjónustu. Markmiðið var að greina hæfni almennra starfsmanna í ferðaþjónustu með það að markmiði að smíða námskrá fyrir nýtt starfsheiti; “ferðaþjónn”.

Eitt eldra verkefni hélt áfram í vinnslu:

- Gerð rafræns námsefnis fyrir ferðaþjónustu. Markmiðið er að útbúa námskeið úr Ferðaþjónustufjarkanum þannig að þau verði rafræn.

Nýju verkefni eru eftirfarandi:

- Gæðastjórnun í fyrirtækjafræðslu. Markmiðið er að gera módel ásamt handbók sem hjálpar fræðslumiðstöðvum að tryggja gæði við fyrirtækjaþjónustu sína. Verkefnið er gert í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.
- Námskrá í ferðaþjóni. Markmiðið er að rita námskrá í nýrri námsbrú sem fengið hefur heitið “Ferðaþjónn”. Námskráin byggir á hæfnigreiningum úr fyrra þróunarverkefni Fræðslunetsins.

Markaðs- og kynningarstarf

Talsvert var unnið í markaðs- og kynningarmálum á árinu. Áhersla er annarsvegar á rafræna nálgun og hins vegar á mikinn fjölda persónulegra heimsóknna í fyrirtæki og stofnanir. Nánast allt kynningarefni og heimasíða er unnið af starfsmönnum Fræðslunetsins sjálfum enda er í þeirra röðum afar hæft fólk á þessum vettvangi. Kynningarefni þarf stöðugt að vera að uppfæra og í því liggur talsverð vinna. Á árinu var keyptur í fyrsta skipti merktur fatnaður handa starfsfólki.

Helstu tölur úr rafrænum samfélags- og upplýsingamiðlum Fræðslunetsins eru:

Vefsvæði Fræðslunetsins (www.fraedslunet.is)

Ár	Heim- sóknir	Flettingar
2017	15.933	37.397
2018	14.679	38.680

Facebook og Instagram

Ár	Facebook Fylgjendur	Instagram Fylgjendur
2017	2.000	0
2018	2.631	53

Á árinu var hafinn undirbúningur þess að tengja saman bókhaldskerfi, gagnagrunninn INNU og vefsvæði Fræðslunetsins.

Gæðastarf og stefnumótun

Evrópska gæðamerkið (EQM)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur nú aukið við vottunarkerkið EQM og bætt við það vottun á raunfærnimati og vottun á námsráðgjöf. Heitir það nú EQM+.

Árið 2017 hóf Fræðslunetið yfirferð á öllum gæðaferlum og lauk að mestu mati á þeim þá um vorið. Nú býður Fræðslunetið eftir að vera tekið í úttekt og vottun hjá EQM+. Sú bið hefur tvívegis dregist á langinn og núna er gert ráð fyrir úttekt haustið 2019.

Stefnumótun og greining

Nokkur rýningavinna og stefnumótun fór fram í ýmsum málaflokkum meðal starfsmanna á árinu. Stefnumótunin fór nær undantekningalaust fram á starfsdögum, sem urðu alls fjórir.

Ný persónuverndarlög hafa kallað á vinnu hjá Fræðslunetinu í málaflokknum. Persónuverndarstefna Fræðslunetsins var samþykkt af stjórn í desember 2018.